



Fundargerð Íshökkíþings 2021 **Reykjavík laugardaginn 15. maí 2021, kl 11:00.**

Mætt úr stjórn ÍHÍ; Þórhallur Viðarsson, Guðrún Kristín Blöndal, Eggert Steinsen, Kristín Fossdal, Pétur Sigurðsson og Elín Guðmundsdóttir

Íshökkíþing 2021 er rafrænt.

Dagskrá:

1. Þingsetning
2. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar
3. Kosning þingforseta
4. Kosning 1. og 2. þingritara
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram
7. Umræður og samþykkt reikninga
8. Ávarp gesta
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.
10. Kosning þingnefnda
11. Lagabreytingartillögur
12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið þingið og þingmeirihluti leyfir.
14. Þingnefndir starfa
15. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum
16. Umræðum og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál
17. Kosningar
 - a) Stjórn og varastjórn sbr. 10. Gr.
 - b) 2 skoðunarmenn reikninga
18. Þingslit.

1. Þingsetning

Formaður ÍHÍ Þórhallur Viðarsson (ÞV) setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.

Stungið var uppá Ara Gunnar Óskarsson, Ólaf Þór Gunnarsson og Sindra Gunnarsson. Aðrar uppástungur komu ekki og voru þau því sjálfkjörin. Að loknum fundi kjörbréfanefndar var fulltrúatala bandalaganna kynnt.

Hún var:

ÍBA: 13 fulltrúar (Skautafélag Akureyrar).

ÍBR: 20 fulltrúar (Skautafélag Reykjavíkur 11 og Fjölur 9)

Samtals fjöldi atkvæða í þingi 33.

3. **Kosning þingforseta.**

Stungið var upp á Árna Geir Jónssyni og engin mótframboð komu fram og var hann því sjálfkjörin. Þingforseti bauð þingfulltrúa velkomna til þings.

4. **Kosning 1. og 2. þingritara.**

Stungið var upp á Eggerti Steinsen (ES) og Konráði Gylfasyni (KG). Engin mótframboð komu og voru þeir því sjálfkjörnir.

5. **Skýrsla stjórnar lögð fram.**

Þórhallur Viðarsson formaður ÍHÍ fór með skýrslu stjórnar fyrir starfstímabilið 2019 til 2021.

Þingforseti, þingfulltrúar og aðrir góðir gestir,

Óhætt er að segja að þetta tveggja ára kjörtímabil núverandi stjórnar ÍHÍ hafi verið nokkuð óhefðbundið. Heimsfaraldur kórónuveirunnar hefur haft víðtæk áhrif á hreyfinguna okkar eins og flest annað í samfélaginu. Alþjóðlegri þátttöku landsliða okkar hefur verið frestað ítrekað, og áhrif sóttvarnaaðgerða á mótahald hér heima hefur einnig verið mikil í öllum aldursflokkum.

En eins og þið flest þekkið er starf ÍHÍ er nokkuð umfangsmikið og hér í nokkrum orðum ætla ég að stikla yfir það helsta sem verið hefur á dagskrá sambandsins á kjörtímabilinu:

Sumarið 2019 var í fyrsta skipti sem U20 lið kvenna var sent til keppni á erlendri grund, þar tók liðið þátt í fjögurra landa móti í Dumfries í Skotlandi. Þar mættum við Spáni, Póllandi og Bretlandi. Við enduðum í fjórða sæti en allt eru þetta lönd sem eru nokkuð sterkari en við. ÍHÍ sá þessa þátttöku U20 liðs kvenna sem mikilvægan þátt í hæfileikamótun þessara ungu kvenkyns leikmanna og þannig var þessi þátttaka þeirra mikilvægur undirbúningur fyrir komandi heimsmeistaramót kvenna.

Landslið karla tók þátt í undankeppni Ólympíuleikanna í desember 2019. Okkar riðill var haldinn í Brasov Rúmeníu og þátttökupjóðir auk Íslands voru Rúmenía, Ísrael og Kyrgyzstan. Ísland endaði þar í 2. sæti.

Með tilkomu aukins stuðnings úr afrekssjóði ÍSÍ var hægt að fjölga landsliðsæfingum um leið og umgjörð landsliðsæfinga og leikja hefur orðið meiri, betri og faglegri.

Tækjastjórar eru mjög mikilvægur liður í okkar starfi og hefur sambandið komið á framfæri við afrekssjóð ÍSÍ þeirri athugasemd að í raun ætti Tækjastjórar liða að vera styrkhæfir í afrekssjóð ÍSÍ til jafns við heilbrigðisaðila í fagteymi, enda eru þeir ábyrgur fyrir að allur búnaður uppfylli reglur um öryggi leikmanna.

Dómararnir okkar fengu tækifæri til að taka þátt í þrem heimsmeistaramótum 2019. Í röðum okkar eru sjö dómara með alþjóðleg réttindi og fengu þeir allir þátttökurétt á heimsmeistaramótum IIHF 2019. Sambandið hefur aldrei áður fengið tækifæri til að senda svo marga dómara í alþjóðleg verkefni á sama árinu og eiga þessir aðilar stórt hrós skilið fyrir vel unnin störf.

En snúum okkur þá að árinu 2020.

Landslið kvenna tók þátt 2. Deild B sem haldin var á Akureyri í mars 2020. Þátttökupjóðir auk Íslands voru Nýja Sjáland, Kínverska Taipei, Króatía, Tyrkland og

Rúmenía. Ísland spilaði vel á mótinu og endaði í 2. Sæti. Einnig eiga norðanmenn hrós skilið fyrir vel skipulagt og flott mót.

Landslið karla átti að spila í 2. Deild B sem átti að vera haldin í Skautahöllinni í Laugardal í apríl 2020 en var fellt niður vegna Covid-19.

Þó svo að mótið sem átti að vera í Laugardalnum hafi fallið niður er vert að minnast á það að þetta er í fyrsta skipti sem sambandið fékk til sín 2 stór alþjóðleg mót á sama keppnisári. Það segir til um hvað við sem hreyfing höfum staðið okkur vel í mótahaldi í gegnum árin að okkur sé treyst fyrir 2 verkefnum af þessari stærðargráðu á sama ári.

Landslið U20 karla tók þátt í 3. Deild í Búlgaríu í janúar 2020. Þátttökupjóðir auk Íslands, Búlgaríu, Suður Afríka, Mexíkó, Nýja Sjáland, Ástralía, Tyrkland og Kínverska Taipei. Ísland sigraði mótið og fékk gullverðlaun. Landslið Íslands U20 færir því upp um styrkleika flokk á næsta ári.

Landslið drengja U18 stefndi að þátttöku í deild 3 A í Istanbúl í mars 2020 en mótið féll niður vegna Covid-19.

Landslið kvenna var skráð til þátttöku í undankeppni Ólympíuleikanna sem halda átti í Egilshöll í desember 2020 en vegna Covid-19 hefur mótið verið fært fram í ágúst 2021. Þátttökupjóðir auk Íslands eru Hong Kong, Úkraína og Litháen.

Til stóð að halda hér á landi 4Nations mót með þátttöku U20 landsliðs kvenna í Egilshöll í nóvember 2020 en vegna Covid -19 þá var þessu móti frestað. Þátttökupjóðir auk Íslands áttu að vera Spánn, Pólland og Bretland. Enn stendur til að halda þetta mót þó að það sé ekki búið að finna því nýjan tíma.

Nýlega ákvað stjórnin að setja meiri áherslu á dómara okkar, en þeir hafa staðið sig gríðarlega vel eins og kom fram áðan. Við fengum til liðs við okkur David Södermalm sem er atvinnudómari hjá sænska sambandinu. Hann var hér í tæpar 4 vikur og hélt nokkur námskeið, bæði fyrir iðkendur og dómara ásamt því að dæma með okkar fólki í 4 dómara kerfi á meðan á dvöl hans stóð. Einnig er nýlega búið að kaupa samkiptakerfi fyrir dómara sem á án efa eftir að hjálpa þeim að bæta samskiptin sín á milli í leik, sem eykur gæði dómgaeslunnar enn frekar.

Það er svo bjart framundan því nýlega gekk stjórnin frá ráðningu á Vladimir Kolek sem afreksstjóra sambandsins til tveggja ára. Hann ætti að vera flestum ykkur kunnugur en hann hefur verið aðalþjálfari karlalandsliðs okkar síðan 2017 ásamt því að hafa unnið með U20 liðið líka. Næstu tvö ár mun hann áfram verða aðalþjálfari karla liðsins ásamt því að vera partur af þjálfarateymi hinna liðana með það að leiðarljósi að byggja upp og styðja við okkar eigin þjálfara. Einnig mun Vlado vinna mikið með öllum aðildarfélagunum og hjálpa þeim að byggja upp barnastarfið og þjálfun innan klúbbana.

Á kjörtímabilinu hefur margt breyst í mínu persónulega lífi sem hefur orðið til þess að ég hef ekki getað sinnt embættinu eins vel og ég vildi, þess vegna fannst mér ekki rétt að gefa kost á mér til áframhaldandi setu. Frekar vil ég gefa öðrum kost á því að sinna þessu af alúð eins og embættið á skilið.

Mig langar að þakka öllu því góða fólki sem hefur starfað með okkur síðastliðin 2 ár og jafnframt óska nýrri stjórn sem tekur við í dag og hreyfingunni allri velfarnaðar á komandi árum.

6. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram.

Konráð Gylfason gerir grein fyrir ársreikningum ÍHÍ síðustu 2ja ára Tap var fyrir árið 2019 upp á kr. 6.850.068.- en hagnaður var á rekstri árið 2020 upp á kr 39.599.427.- Þegar horft er til tveggja ára, milli þinga þá skilar sambandið hagnaði og eigið fé sambandsins eykst og var í lok árs 2020 kr. 40.940.517.-

7. Umræður og samþykkt reikninga.

Reikningar 2019 og 2020 bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

8. Ávarp gesta.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ bað fyrir kveðju frá ÍSÍ og stefnir á að koma á haustfund ÍHÍ.

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.

Framkvæmdastjóri ÍHÍ fer yfir verkefni næstu misseri og kostnað þeim tengdum. Það sem ber hæst er aukinn kostnaður vegna undankeppni Ólympíuleika kvenna, þátttöku okkar í öðrum alþjóðlegum verkefnum og ráðning afrekssjóra. Viðbúið er að árið 2022 verði hefðbundið hvað varðar alþjóðleg verkefni. Framlag afrekssjóðs er kr 14.6m á árinu 2021.

10. Kosning þingnefnda.

Engar þingnefndir.

11. Lagabreytingatillögur

Skautafélag Akureyrar gerir tillögu með breytingu á reglugerð nr. 13 um Íslandsmótið í íshokki, gr.4. Breytingin felst í því að úrslit kvenna verði með sama hætti og úrslit karla, þ.e best of five. Tillagan samþykkt.

Fjölur gerir tillögu um breytingu á lögum félagsins 6. gr. um útreikning á atkvæðamagni aðildarféлага á íshokkiþingi. Tillagan felld.

Reglugerðarbreytingatillaga frá SR: *Breyting á 10 gr. reglugerðar nr. 7, „Reglugerð um mótanefnd“*

Ákvörðun verði:

„Ákvörðun um hvort leikur skal fara fram byggist á litakerfi Veðurstofunnar. Ef veður á leið á keppnisstað eða á leið til baka frá keppnisstað (í öðrum landshluta) er appelsínugult eða rautt samkvæmt viðvörðunarkerfi Veðurstofunnar þá hafi félag sem á að ferðast rétt til þess fara fram á að leiknum verði fundinn nýr tími.“

Tillagan samþykkt.

Reglugerðarbreytingartillaga frá SR: *Breytingar á reglugerð nr. 8 - „Reglugerð um aganefnd“*

Fyrsta greinin verði eftir breytingu:

Stjórn ÍHÍ skipar aganefnd. Nefndin skal skipuð þremur aðilum og tveimur til vara. Eitt sæti í nefndinni skal skipað erlendum dómara. Nefndina skal skipa innan við mánaðar frá Íshokkiþingi.

Tillögu hafnað.

12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.

SR sendir inn nokkrar tillögur, sem eru:

Tillaga 1

Breytt mótahald í U12, U10 og U8 frá og með tímabilinu 2021-2022

- U8/U10 verði með sér mót.
- U12 verði með sér mót.

Vísað til stjórnar ÍHÍ og viðeigandi nefnda. Allir sammála í stórum atriðum.

Tillaga 2

Fækkun móta yngri flokka í eitt á hvert félag frá og með tímabilinu 2021-2022

- U8/U10 verði með þrjú helgarmót, eitt hjá hverju félagi.
- U12 verði með þrjú helgarmót, eitt hjá hverju félagi.
- U14 verði með þrjú helgarmót, eitt hjá hverju félagi.

Vísað til stjórnar ÍHÍ og viðeigandi nefnda. Menn ekki sammála um fækkun móta.

Tillaga 3

Stofna nefnd á vegum ÍHÍ sem yfirfer og uppfærir keppnisfyrirkomulag yngri flokka (U14 og yngri) fyrir tímabilið 2021-2022. Nefndin yrði skipuð yfirþjálfurum félaganna og fulltrúum barnastarfs úr stjórn. Nýr íþróttastjóri/þróunarstjóri yrði formaður nefndarinnar eða til vara framkvæmdastjóri ÍHÍ.

Vísað til stjórnar ÍHÍ og viðeigandi nefnda. Fólk sammála um að þetta sé góð hugmynd.

Tillaga 4

Koma á fót sameiginlegum stöðufundum ÍHÍ með aðildarfélögum þremur að lágmarki tvisvar á ári.

- 2-3 fulltrúar hvers félags ásamt stjórn ÍHÍ og framkvæmdastjóra.
- Einn fundur á fyrriparti hverrar annar.

Tillagan samþykkt.

Tillaga 5

U18 landsliði kvenna verði formlega stofnað fyrir tímabilið 2021-2022 og það verði með sambærilegri umgjörð og U18 karla bæði í æfingum og keppni.

- Ráðinn verði landsliðsþjálfari.
- Umgjörð í kringum liðið búin til og horft verði til jafnréttis þeirri vinnu.

Tillaga samþykkt og vísað til stjórnar og landsliðsnefndar.

Tillaga 6 - Reglugerðarbreyting um frestun leikja og vísað í litakerfi veðurstofunnar. Þessi liður var tekin undir lagabreytingatillögur hér að ofan og hún samþykkt.

Tillaga 7

Ferðir milli landshluta verði tvíhöfðar minnst einu sinni á tímabili á Íslandsmótum U16 og upp í meistaraflokka frá og með tímabilinu 2021-2022.

Vísað til stjórnar ÍHÍ og viðeigandi nefnda. Aðeins skiptar skoðanir um þessa tillögu.

Tillaga 8

Breytingar á reglugerð nr. 8 - „Reglugerð um aganefnd“

Tillagan tekin undir liðnum lagabreytingar og tillagan felld.

Tillaga 9

Greiðslufyrirkomulag á dómgæslu fari í gegnum ÍHÍ.

Vísað til stjórnar ÍHÍ - flestir samþykkir þessu en þarf að útfæra með dómurum og aðildarfélögum.

Tillaga 10

Í landsliðsferðum á vegum ÍHÍ verði foreldrar leikmanna ekki í starfsliði viðkomandi landsliðs.

Vísað til stjórnar - þessi atriði í stöðugri endurskoðun.

Tillaga 11

Félögin fá tækifæri til að koma með athugasemdir við mótaskrá fyrir lok maí.

Vísað til stjórnar ÍHÍ og mótanefndar. Stefnt að því að flýta þessari vinnu í júní en ekki lok júlí hvers árs.

Tillaga 12

Keppt verði í öllum U flokkum á hverju tímabili - U8, U10, U12, U14, U16, U18 og U20 - svo lengi sem tvö félög sendi lið til keppni í hverjum flokki.

Vísað til stjórnar ÍHÍ og mótanefndar. Stefnt að því að koma U20 inn í dagskránnu.

13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.

Engar aðrar tillögur bárust.

14. Þingnefndir starfa.

Á ekki við.

15. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.

Á ekki við.

16. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál.

Gert samhliða kosningum um lagabreytingar og aðrar tillögur.

17. Kosningar:

a) Stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein

Niðurstaða kosninga;
Helgi Páll Þórisson formaður
Jónína Guðbjartsdóttir
Bergur Jónsson
Elín Dögg Guðmundsdóttir
Hermann Haukur Aspar

Varastjórn

Olgeir Olgeirsson
Eggert Steinsen
Kári Guðlaugsson

b) 2 skoðunarmenn reikninga

Tillaga borin upp að skoðunarmenn reikninga yrðu Margrét Ólafsdóttir og Margrét Westlund.

18. Þingslit.

Þingi lauk klukkan 13:12, 15. maí 2021

Konráð Gylfason (sign)
Eggert Steinsen (sign)